

## Minnisblað til bæjarráðs vegna frestunar á greiðslu gatnagerðargjalds.

Samkvæmt gjaldská gatnagerðargjalda Akureyrarbæjar fellur gatnagerðagjald í gjalddaga við úthlutun lóðar. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga sbr. grein 4.2 í gjaldskránni. Samkvæmt 6. Gr. gjaldskrárinnar er fjármálaþjónusta heimilt að veita lengri gjaldfrest ef lóðarhafi óska eftir, til allt að 12 mánaða frá gjalddaga.

Lagt er til að útfærsla á 12 mánaða greiðslufresti verði þannig til næstu 12 mánaða eða 1. maí 2021:

- a) Fram komi rökstudd umsókn frá lóðarumsækjanda með ósk um gjaldfrest
- b) Lóðarhafi getur haft að hámarki 2 lóðir samtímis á greiðslufresti
- c) Heimilt verður að gefa út byggingarleyfi, þrátt fyrir að gatnagerðargjald hafi ekki verið greitt að fullu.
- d) Lóðarsamningur verður ekki gefinn út fyrr en gatnagerðargjald er að fullu greitt sbr. 6. gr. í Reglum um úthlutun lóða.

Akureyri, 16. apríl 2020

Djb/Pih